

Lagning há- og lágspennujarðstrengs frá Kárastöðum á Þingvöllum að Hakinu, Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 10. október 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá RARIK um lagningu há- og lágspennujarðstrengs frá Kárastöðum á Þingvöllum að Hakinu, Bláskógabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Þingvallanefndar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Vetnisstöð á Hellisheiði. Fyrirspurn um matsskyldu. Rarik og Verkís, júní 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð með tölvupósti dags. 18. október 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 29. október 2019.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 5. nóvember 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 29. október 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 29. október 2019.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 31. október 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 29. október 2019
- Þingvallanefnd með tölvupósti 7. nóvember 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 28. október 2019.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 18. nóvember 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 30. október og 1., 7. og 11. nóvember 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu um 3,8 km langs jarðstrengs sem verður lagður um þrjú svæði á milli Kárastaða og Haksins. Fyrsta svæðið er frá væntanlegri rofastöð við afleggjara Kárastaða að afleggjara að Hakinu, um 2 km. Annað svæðið er með vegi að sumarhúsum í Rauðkusunesi í tengiskáp við Efristíg, um 1,1 km. Þriðja svæðið er frá núverandi jarðspennistöð við Hraunstíg að nýrri jarðspennistöð sem þjóna á syðsta hluta svæðisins, um 700 m.

Áður hafði verið áætlað að leggja jarðstreng frá jarðspennistöð við Rauðkusunes eftir Valhallarstíg syðri en eftir fund Þingvallanefndar og RARIK var fallið frá þeirri lagnaleið vegna þess að aðstæður á því svæði eru sérstakar og leiðin væri til þess fallin að valda of miklu raski. Önnur lagnaleið verður



fundin fyrir þennan kafla og þegar búið er að finna út nýja leið mun sú framkvæmd fara í lögbundið ferli.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að strengurinn verði plægður niður á um 2,6 km, grafinn eða fræstur á um 1,3 km. Að lokinni lagningu strengjar verði jarðvegsfrágangur tekinn út af utanaðkomandi aðila og lagfæringar gerðar þar sem þörf er talin á. Áætlað umfang rasks vegna framkvæmdarinnar sé talið um 1,6 ha í heildina en þar sem strengurinn verði lagður í nú þegar raskað land (gamla stíga og vegi) verði mjög lítið rask á óröskuðu landi.

4 UMHVERFISÁHRIF

Gróður og dýralíf

Fram kemur að á strengleiðinni sé að finna lynchraunavist, eyðihraunavist, mosahraunavist, tún og akurlendi, þéttbýli og annað manngert land og skógrækt. Vegna þess að strengirnir eru að mestu lagðir í eða við gamla vegi þá verður rask á þessum vistgerðum óverulegt. Einnig verður það dýra- og fuglalíf sem er að finna á svæðinu fyrir litlu ónæði nema þá mögulega á framkvæmdartíma þegar verið að leggja strenginn vegna vinnuvéla. Ekkert rask verður á búsvæði dýra eða fugla.

Hafrannsóknastofnun taldi að nauðsynlegt væri að kanna hvort að á lagnaleiðinni væru lækir eða lindir sem hefðu að geyma lífríki sem gæti orðið fyrir raski.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að haft hafi verið samband við Hafrannsóknastofnun í kjölfari umsagnarinnar og óskað eftir að þeir tækju út svæðið. Fulltrúi frá Hafrannsóknastofnun hafi farið á svæðið og tekið það ú og ekki hafi sést yfirborðvatn á lagnaleiðinni. Stofnunin telji því að upplýsingar sem séu nauðsynlegar er varða lífríki í vatni liggi nú fyrir.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að leiðin frá rofastöð við Kárastaði að Rauðkusunesi sé líklegast viðkvæmasti hluti strenglagningarinnar. Telur stofnunin ástæða til að kanna ástand frágang svæðisins eftir að framkvæmdum lýkur svo ekki myndist rof á svæðinu. Æskilegt sé að láta staðargróður endurheimta svæðið og möguleiki sé á að það þurfi lítilháttar áburðargjöf ef endurheim gangi hægt.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fundað hafi verið með Náttúrufræðistofnun varðandi eftirfylgni og niðurstaða þess fundar hefði verið að samið yrði við Landgræðsluna um að þeir myndu yfirfara lagnaleiðir 2 árum eftir lagningu og að Landgræðslan kæmi með tillögur að úrbótum ef þörf sé á.

Meningarminjar

Í greinargerð kemur fram að innan framkvæmdasvæðis sé að finna þrennar fornleifar. Vörðu í landa Kárastaða, Konungsveg sem er malarborinn og ökufer og leið sem merkt er ÁR-711:044 sem er enn í notkun.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að stofnunin telji að ekki eigi að leggja rafstrenginn í Konungsveg heldur samsíða honum til að verja hann fyrir raski og varðandi leið 711:044 sé fullnægjandi að skrá leiðina. Einnig kom fram að það þyrfti að fá fornleifafræðing til að fara yfir þá hluta lagnaleiðarinnar sem ekki hefðu verið skráðir.

Í svari framkvæmdaraðila kom fram að fornleifafræðingur hefði verið sendur á staðinn og að hann hefði tekið út það svæði sem ekki væri búið að gera grein fyrir. Varða fannst í nálægð við framkvæmdarsvæði sem gæti verið í hættu.



Í frekari umsögn Minjastofnunar kom fram að það þyrfti að merkja vörðuna til að varna því að hún raskist en að öðru leiti nægði að fylgja þeim mótvægisáðgerðum sem stofnunin hefði mælt með í fyrri umsögn.

Í frekara svari framkvæmdaraðila kemur fram að varðan verði merkt og að farið verði eftir ráðleggingum Minjastofnunar varðandi mótvægisáðgerðir.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Skoða þarf hvort að framkvæmdin kalli á breytingu á deiliskipulagi sem tengjast fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Jafnframt samþykki Þingvallanefndar samkvæmt lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu á há- og lágstrengjum á um 5,3 km kafla frá Kárastöðum að Hakinu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdinni verður lagður um 3,8 km langur jarðstrengur. Fallið var frá lagningu strengjar í Valhallarstíg eftir að þjóðgarðsnefnd lagðist gegn þeirri staðsetningu jarðstrengs vegna rasks. Rask vegna lagningarinnar verður því minna en áætlað 1,7 ha rask. Jarðstrengurinn verður lagður í áður raskað svæði svo sem í eða við vegi á svæðinu. Er því ljóst að rask á óröskuðu svæði vegna lagningarinnar verður lítið þó að það þurfi að grafa eða fræsa hluta leiðarinnar.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á heimsminjaskrá UNESCO og innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Rask vegna lagningarinnar mun þó verða lítið þar sem lagnaleiðin er að mestu í nú þegar röskuðu svæði og mun því ekki hafa áhrif á verndargildi svæðisins. Verkefnið er hluti af jarðstrengjavæðingu Suðurlands til að lágmarka sjónræn áhrif núverandi loftlína sem verða teknar niður í kjölfarið. Einnig mun framkvæmdaraðili fara eftir tillögum Minjastofnunar að mótvægisáðgerðum sem mun lágmarka rask á fornminjum á svæðinu.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og tíðni og afturkræfni áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar munu einna helst felast í raski á nú þegar röskuðu landi. Ekki er að finna jarðmyndanir eða vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar innan framkvæmdasvæðisins. Mikilvægt er þó að vanda frágang við strenglagningu í ljósi staðsetningar framkvæmdarinnar innan



þjóðgarðsins. Framkvæmdaraðili mun gera samning við landgræðsluna um yfirferð á lagnaleiðinni að framkvæmd lokinni ásamt því sem Landgræðslan mun þá koma með tillögur að úrbótum ef þeir þykja nauðsynlegar. Áhrif framkvæmdarinnar munu að mati Skipulagsstofnunar vera óveruleg og afturkræf og líklegt að rask muni jafna sig tiltölulega fljótt með góðum frágangi og þeim mótvægisaðgerðum sem boðaðar eru.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. janúar 2020.

Reykjavík, 5. desember 2019

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson